

## Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Félagsbústaðir leggja áherslu á heilbriggt og öruggt starfsumhverfi þar sem gildin samvinna, virðing og þjónusta eru í fyrirrúmi og starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að skapa jákvæðan, hvetjandi og uppbyggilegan starfsanda.

Félagsbústaðir taka skýra og afdráttarlausa afstöðu gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi í stefnu þessari sem nær til allrar starfsemi fyrirtækisins. Starfsfólk getur upplifað einelti, áreitni og ofbeldi af hálfu samstarfsfólks, stjórnenda, þeirra sem njóta þjónustu fyrirtækisins og samstarfsaðila. Slík hegðun er aldrei liðin. Verði starfsmaður uppvís að því að ógna, trufla eða sýna öðrum ósæmilega hegðun, leggja í einelti eða áreita annan einstakling með orðum, látbragði eða atferli getur það leitt til áminningar og eftir atvikum starfsmissis. Upplifi starfsfólk slíka hegðun eða verður vitni að henni er það hvatt til að tilkynna það strax.

Félagsbústaðir skuldbinda sig til að:

- Vinna að forvörnum með því að uppfræða starfsfólk um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi, í hverju það felst og hvernig má koma í veg fyrir það.
- Bregðast hratt og örugglega við rökstuddum grun um einelti, áreitni eða ofbeldi.
- Vinna eftir skilgreindu verkferli skv. reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, um hvernig taka skuli á slíkum málum ef þau koma upp.
- Kynna það verkferli fyrir öllum starfsmönnum sem hluta af starfsmannahandbók félagsins.
- Gæta nærgætni, sanngirni og jafnræði í öllum aðgerðum.
- Framkvæma árlega úttekt meðal starfsmanna á einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Samþykkt af stjórn Félagsbústaða 28. febrúar 2019.  
Eineltis og áreitnisstefnu skal endurskoða á tveggja ára fresti.